

Ed.

252. Nefndarálit

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 32 frá 1931, um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. verði 1. gr. og orðist svo:
 - a. Á eftir orðunum „taka þátt í sameiginlega kostnaðinum, sbr. 3. gr.“ í 1. mgr. 7. gr. laganna komi: og má taka hið niðurjafnaða gjald lögtaki.
 - b. Orðin „nema hálfan“ í 2. mgr. sömu greinar falli niður.
2. Á eftir komi tvær greinar, sem verði 2. og 3. gr., svo hljóðandi:
 - a. (2. gr.). Á eftir orðunum „lög nr. 19, 15. júní 1926“ í 89. gr. komi: lög nr. 27, 7. maí 1928.
 - b. (3. gr.). Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 24. marz 1933.

Páll Hermannsson,
form.

Pétur Magnússon,
fundaskr.

Jón Jónsson,
frsm.